

Kæru bæjaryfirvöld

Við íbúar á Brekkusmára 9, **mótmælum** áformum um breytingar á aðalskipulagi á Nónhæð (Arnarsmára 36) og Arnarsmára 32. Svæðin eru samkvæmt gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi ætluð til útivistar og til að þjóna íbúum hverfisins. Við viljum ekki aukna íbúabyggð á þessu svæði. Ástæður fyrir því eru margar og má nefna:

1. Aukinn umferð og hættur fyrir börnin innan hverfisins aukast.
2. Svífryksmengun eykst.
3. Hávaði frá bílum eykst.

Og lengi mætti telja áfram. Með þessum áformum er verið að skerða verulega lífsgæði íbúanna sem búa þar í dag. Ef þessi áform ná fram að ganga er verið að tvöfalda íbúafjölda hverfisins úr 1000 í 2000, sem er óásættanlegt í ljósi fyrrgreindra ástæðna. Við skorum á Kópavogsbæ að kaupa þessar lóðir og halda þeim sem grænu svæði eins og er í núverandi skipulagi.

Ásbjörn Jónsson kt.221060-2459 og
Unnur Einarsdóttir kt.270657-5249, Brekkusmára 9, Kópavogi.